

Byggingalýsing

Götuheiti: Vesturvegur 6 Vestmannaeyjum
Landnúmer: L161546

Table with 3 columns: Heiti, Flatarmál brúttó, Rúmmál. Rows include Kjallari og geymslur, 1.hæð, 2.hæð, Samtals.

Byggt verður tveggja hæða timburhúsið auk kjallara. Kjallarin verður niðurgraffinn í suður en þar sem lóðin hallar til norðurs verður norðurhlíð í jarðhæð. Gert er ráð fyrir íbúð í kjallara ásamt inntaksrými.
Grunnflötur byggingar verður 110 m2, 1 íbúð í kjallara og tveir íbúðir á 1. og 2. hæð. Á baklóð í lóðarmörkum til norðurs verða bygðar geymslur ein fyrir hverja íbúð. Gengið verður inn í íbúðir á 1. og 2. hæð um utanánleggjandi stiga á austur og vestur hlið.

Brúttóstærð 375,0 m2, 1160,5 m3
Lóðarstærð 326,2 m2
Nýtingarhlutfall 1,15
Bilastæði: Ekki er gert fyrir bilastæðum á lóð heldur er gert ráð fyrir notkun almennra stæða á bæjarlandi.

Hönnunarstjóri hússins er Sigurjon Pálsson Tæknifræðingur.

Áðgengi
Sameiginlegt sorpskýli verður á lóð í vestur enda. Sorpskýli skal vera samkvæmt gr. 6.12..6 í byggingareglugerð.

Undirstöður
Kjallari verður steypdur og járnþentur 1. og 2. hæð gerðar úr timbur einingum. Allir steyptrir veggir í kjallara verða klæddir 75 plasteinangrun 24 kg/m3 ásamt því að vera klæddir með sökkuldúð.

Undirstöður koma á frostfritt þjappað fyllingarefni.

Út og Innveggir
Allir útveggir verða einangraðir með 195 steinullar einangrun. Húsið verður klætt með loftræstri ál-útveggjaklæningu, sem verður fest á lektur.

Innveggir eru timburgrind einangraðir inn í vegg með 95+45 mm steinull og klæddir gíspólötum.

Að innan er veggir sandspartaðir og málaðir.

Allar klæðningar eru A-efni eða í flokki 1.

Gluggar og hurðir eru viðurkennir ál/tré gluggar og hurðir. Gler í gluggum og hurðum skal vera skv. Rb blaði um val glergerða Rb (31). 121.1

Einangrun: Útveggja 0,30 w/m2
Gluggar 2,0 w/m2
Grunnplata 0,3 w/m2
Þak 0,2 w/m2

Þak
Þak verður borið uppi af kraftsperrum sem hvíla á timbur burðarveggjum. Á milli sperra í milli lofti er einangrað með 235 mm þakull með vindpappa.

Ofan á sperrur er þakið klætt með borðaklæðningu 25*145, þakpappa og álklaðningu. Tryggja skal loftun þakvirkis. Loftunarpur inn og úr hverju loftbili skal vera minnst 1.000 mm2 á hvern m2 þakflatar skv. byggingareglugerð.

Nánari upplýsingar um stærðir burðarbita sjá teikningu burðarþolshönnuðar.

Inntök
Inntök fyrir heitt, kalt vatn og rafmagn eru staðsett í kjallara.

Frárænniskerfi
Get er ráð fyrir tvöföldu regnvatns og skolperki sem tengist í brunna á lóðarmörkum.

Við hönnun kerfisins er stuðst við ÍST 68:2003 og DS 432:2000 ásamt öðrum stöðlum sem hann visar til ásamt kröfum byggingareglugerðar.

Brunaþétting er þar sem lagnir ganga á milli brunahólfa. Niðurföll í blautrymum.

Pípur í grunnlögn eru úr PVC plasti en pípur innanhúss eru úr PP plasti og hljóðeinangrandi PP plasti.

Lagnir
Við hönnun neysluvatnskerfis er farið eftir ÍST 67:2003 og DS 439:2000 og tilvisun í aðra staða ásamt lögnum og reglugerðum sem ÍST 67:2003 visar til auk Rb-blaða.

Neysluvatnslagnir eru í gólfplötum eða innveggjum með ídráttarörum. Pípur eru súrefnisfríar plastpípur með álkaðu (álpex) skv. Din 16892/3 og úr ryðfríu stáli settar saman með ryðfríum pressufittings.

Lagnir eru einangraðar í loftum og veggjum. Þar sem það á við eru notaðar rör í rör kerfi í gólfum og veggjum. Hitastig vatns við töppunarstað á böðum skal ekki vera það hátt að það skapi hættu á húðbruna.

Einnig skal vera öryggisbúnaður fyrir neysluvatnskerfi koma í vega fyrir að hiti fari upp fyrir 65 gr. Allar slökkvilagnir eru úr ryðfríu og settar saman með ryðfríum pressufittings.

Hitalagnir í íbúðum eru gólfhitu, lagður í 25 mm einangraðar plötur. Gert er ráð fyrir 22 gr. kjörhitastigi í öllum rýmum og varmaþörf miðuð við útihitu -15 gr. Gólfhitakerfi er lagt úr PEX pípum.

Allt lagnaefni skal vera gæðavottað af viðurkenndum aðilum.

Raflagnir
Raflagnir eru lagðar í pípum í léttu veggj og plötur.

Brunavarnir
Íbúðarhlutinn er á þremur hæðum, brunamóstaða burðarvirkis verður a.m.k. EI60. og R90 milli íbúða. Á milli hæða er lagnastokkur EI90. Allstaðar þar sem lagnir ganga á milli brunahólfa er þétt með lögnum með viðukenndum efnum.

Allar klæðningar í flokki 1 og standast EI 60 með öðrum byggingahlutum.

Handslökkvitæki er í forstofu íbúða skv. gr. 9.4.4 í byggingareglugerð. Reykskynjarar eru staðsettir í svefnherbergjum og alrými í íbúðum skv. gr. 9.4.3. í byggingareglugerð.

Flóttaleiðir eru a.m.k. tveir önnur um aðalhurð og hin um útgönguhurð í herbergi og /eða björgunarpur úr svefnálmú út á svalir og gang. Í öllum svefnrymum eru björgunarpur sem uppfylla kröfur byggingareglugerðar gr. 9.5.5 um stærðir, hurðir í flóttaleiðum a.m.k. 900 mm breiðar. Þannig skal gengið frá loftræstingu að hún rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.

Viðhald brunavarna
Samkvæmt lögum ber húseigandi ábyrgð á brunavörnum á húseign sinni og að þær hljóti reglubundið eftirlit og viðhald.

Loftræsting
Vélren loftræsting skal vera úr eldhúsi, baðherbergjum og þvottaherbergi, í öðrum rýmum er loftað um opnanleg fög og þess gætt að ferkt loft eigi ávallt greiða leið inn. Loftræsting er skv. gr. 10.2.5 í byggingareglugerð.

Vélren loftræsting: Frá salerni 15 l/sek

Frá þvottaherbergi 20 l/sek

Frá Eldhúsi 30 l/sek

Frá Geymslu 0,2 l/m²

Large technical table with columns for floor levels (D0-D15), room types (Kjallari, Geymsla, Verönd), and various area measurements (Botnflötur, Milliflötur, etc.).



Summary table with columns for date, description, and area. Includes a logo for 'tpz teiknistofa' and project details like 'Kirkjuvegi 23 900 Vestmannaeyjum'.

